



Ferðamenn baða sig í Rauðamelslaug í Hnappadal, 20. júlí 2023. Syðri-Rauðamelur í baksýn.
Ljósmynd: Róbert A. Stefánsson

Vöktun náttúruverndarsvæða á Vesturlandi 2023

Róbert A. Stefánsson, Hafrún Gunnarsdóttir, Jakob J. Stakowski og Menja von Schmalensee
Desember 2023




Náttúrustofa Vesturlands

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Ábúð refagrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.....	4
Mófuglar á Snæfellsnesi.....	5
Bjargfuglar á Snæfellsnesi og Breiðafirði	6
Vatnafuglar á Mýrum	7
Fuglalíf í Andakíl	7
Vaðfuglar á fartíma	9
Varpútbreiðsla og þéttleiki kríu	10
Strandfuglar utan varptíma.....	12
Gróðurvöktun.....	13
Jarðminjar	14
Áningarstaðir ferðamanna.....	15
Að lokum	20

Inngangur

Sumarið 2023 var fjórða sumar vettvangsvinnu í verkefninu *Vöktun náttúruverndarsvæða*. Náttúrustofa Vesturlands tók að sér 11 skilgreind verkefni (1. mynd). Hér verður stuttlega sagt frá hverju og einu þeirra, þar á meðal tilgangi, helstu aðferðum og hvernig framkvæmd þeirra gekk. Ekki er um eiginlega úrvinnslu gagna að ræða.



1. mynd. Athugunarstaðir Náttúrustofu Vesturlands í verkefninu *Vöktun náttúruverndarsvæða* sumarið 2023.

Ábúð refagrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli


Tilgangur: Að kanna fjölda og staðsetningu refagrenja í ábúð í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Svæðið er m.a. notað til samanburðar við þróun ábúðarhlutfalls refagrenja í friðlandinu á Hornströndum.

Framkvæmd

Þekkt refagreni í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli (2. mynd) voru heimsótt af tveim starfsmönnum á tveim löngum vinnudögum 22. og 29. júní. Lagt var mat á það hvort þau væru í notkun (ábúð), auk þess sem ummerki og fæðuleifar voru skráð. Einnig voru skráðir þeir refir sem sáust. Verkefnið og niðurstöður þess byggja ofan á gagnasafn Náttúrustofu Vesturlands sem nær aftur til ársins 1989. Framkvæmdin var í samræmi við áætlanir.

Helstu niðurstöður

Skilgreind greni í Þjóðgarðinum eru 26 talsins (2. mynd). Það gefur þó ekki rétta mynd af stöðunni, því hvert grenjanna eru í raun nokkrir staðir sem kannaðir eru. Stundum eru þeir með nokkurra metra millibili en í öðrum tilfellum geta verið hundruð metra á milli. Eitt af grenjunum eru í raun 11 mismunandi staðir sem dreifast um allstórt svæði, sem réttara væri að skilgreina sem tvö eða fleiri mismunandi greni. Í nokkrum tilfellum hefur orðið hefð að tala um „aukagreni“, þegar þau liggja nokkuð frá aðalgreninu. Árið 2020 voru grenjaskrá og myndir af hverju greni settar í myndagrunn verkefnisins. Sumarið 2020 var eitt greni í ábúð en ári síðar voru þau þrjú, sem er nálægt meðaltali síðustu tveggja áratuga. Árið 2022 voru aftur á móti fimm greni í ábúð en reyndar var nýflutt út úr einu þeirra. Sumarið 2023 voru 6 greni í ábúð, sem er mesti skráði fjöldinn á því tímabili sem athuganir ná yfir (frá 1989). Síðustu 20 ár hefur fjöldinn sveiflast frá 1 upp í 6 en svæðið er þess eðlis að líklega eru mörg greni óuppgötvuð. Mikilvægt er að halda áfram að vakta ábúð refagrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, bæði til að hafa metil á sveiflur í fjölda refa í Þjóðgarðinum og til að nota sem viðmið við rannsóknir á Hornströndum.



2. mynd. Gular dopper sýna staðsetningu þekktra refagrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, sem heimsótt eru árlega.

Mófuglar á Snæfellsnesi

Tilgangur: Að vakta tegundasamsetningu og þéttleika mófugla á Snæfellsnesi.


Framkvæmd

Tegundasamsetning og þéttleiki mófugla var metinn á sex sniðum, samtals 96 talningarpunktum, frá 2.-13. júní 2023. Tvö sniðanna voru í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, tvö á norðanverðu Snæfellsnesi (jaðar verndarsvæðis Breiðafjarðar) og tvö á því sunnanverðu (Mýrar-Löngufjörur) (3. mynd). Öll hafa þessi snið verið talin áður en þó misoft. Notast var við aðferðafræði Natura Ísland verkefnisins, sem hófst árið 2012. Aðferðinni er lýst í skýrslunni *Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*.¹ Þar segir m.a. á bls. 17:

„Notaðar voru svokallaðar punktmælingar til að meta þéttleika fugla út frá Distance-aðferðinni (Buckland o.fl. 2001). Í punktmælingu skráir athugandi alla fugla sem hann verður var við á 5 mínútum á tilteknum stað. Athugandi greinir tegundina, ákvarðar út frá atferli hvort viðkomandi einstaklingur er varpfugl eða ekki og metur fjarlægð í fuglinn. Allt þetta er skráð á sérstök eyðublöð.“

Til viðbótar við aðferðina sem þá var beitt, var fjarlægðarmælir notaður til að mæla fjarlægð í alla fugla sem sáust en jafnframt skráðir allir fuglar sem aðeins heyrðist í.

Framkvæmd verkefnisins var í samræmi við áætlun.



3. mynd. Mófuglar voru taldir á sex sniðum á Snæfellsnesi. Hvert snið innihélt 16 talningarstaði með 300 metra millibili.

¹ Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson & Svenja N.V. Auhage (2016). Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Íslands 55, 295 bls.

Bjargfuglar á Snæfellsnesi og Breiðafirði

Tilgangur: Að vakta breytingar á fjölda varpfugla og varpárangri bjargfugla á Snæfellsnesi og Breiðafirði á milli ára. Verkefnið er hluti af vöktun bjargfugla á landsvísu.

Framkvæmd

Bjargfuglar voru ljósmyndaðir og taldir á sniðum á Snæfellsnesi við Arnarstapa, í Þúfubjargi (4. mynd), Saxhólsbjargi og Vallnabjargi og á Breiðafirði í Hvítabjarnarey, Þórisólma og Elliðaey. Staðirnir voru heimsóttir tvisvar yfir sumarið, fyrst 26. og 27. júní til að meta varpstofninn og svo 24. og 29. júlí til að meta varpárangur. Nánari lýsingu á aðferðum má finna í skýrslum um bjargfuglavöktun á landsvísu.² Til viðbótar þeirri aðferðalýsingu er notast við dróna til ljósmyndunar á nokkrum sniðum á Snæfellsnesi til að draga úr hættu fyrir starfsfólk. Þetta er gert með leyfi Þjóðgarðsvarðar/Umhverfisstofnunar.

Framkvæmd verkefnisins var í samræmi við áætlun.



4. mynd. Þúfubjarg í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli er eitt þeirra varpa sem heimsótt er í vöktun bjargfugla. Ritur eru áberandi í bjarginu en svartfuglar verpa í skúta neðst í bjarginu. Ljósmynd tekin með dróna, 26. júní 2022.

² Yann Kolbeinsson, Snæþór Aðalsteinsson, Þorkell Lindberg Þórarinsson, Brynjúlfur Brynjólfsson, Cristian Gallo, Hálfván Helgi Helgason, Jón Einar Jónsson, Rodrigo A. Martínez Catalán, Róbert Arnar Stefánsson og Sindri Gíslason (2023). Vöktun bjargfuglastofna á Íslandi 2020 – 2022. Náttúrustofa Norðausturlands. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisstofnun, NNA-2304.

Helstu niðurstöður

Náttúrustofa Vesturlands taldi ekki af ljósmyndum, enda var það ekki hluti af verkáætlun 2023. Gögn voru send til Yanns Kolbeinssonar hjá Náttúrustofu Norðausturlands. Hann telur af myndum og nýtir gögnin í mat á stofnbreytingum og varpárangri bjargfugla á landsvísu, sem birt er reglulega. Eftir langvarandi erfitt tímabil hjá sjófuglum frá 2003-2017 hefur þeim almennt gengið betur allra síðustu ár, þótt tegunda- og svæðamunur sé nokkur.³

Vatnafuglar á Mýrum

Tilgangur: Að vakta breytingar á fuglalífi á aðgengilegum búsvæðum vatnafugla á Mýrum.

Framkvæmd

Vatnafuglar voru taldir á aðgengilegum vötnum á Mýrum (5. mynd) tvisvar sinnum sumarið 2023, þ.e.a.s. 1. júní til að meta fjölda varpfugla og 28. júlí með það aðalmarkmið að telja fjölskyldur og unga, þótt allir fuglar væru skráðir. Framkvæmd verkefnisins var í samræmi við áætlun.

Fuglalíf í Andakíl

Tilgangur: Að skrá fuglalíf og vakta breytingar á því á mikilvægum leirum Ramsarsvæðisins í Andakíl.

Framkvæmd

Sumarið 2023 voru fuglar taldir fjórum sinnum á leirum Ramsarsvæðisins í Andakíl (6. mynd), þ.e. 2. og 18. maí, 31. júlí og 29. ágúst. Talningar fóru fram eftir svæðaskiptingu og aðferðafræði Stroud & Tierney⁴ líkt og sumarið 2021. Svenja Auhage hjá Náttúrufræðistofnun Íslands gerði sambærilegar talningar við Blautós og á Ramsarsvæðinu í Grunnafirði.


Helstu niðurstöður

Líkt og fyrrí ár var mikið fuglalíf á leirum Andakíls. Þangað leita þúsundir vaðfugla til fæðuleitar, auk þess sem svæðið er helsta varpsvæði stækkandi stofns brandandar. Í talningunni í ágústlok 2023 sást stór urtandarhópur líkt og árin áður.

Framkvæmd verkefnisins í Andakíl var í samræmi við áætlanir.

³ Yann Kolbeinsson, Snæþór Aðalsteinsson, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Brynjólfur Brynjólfsson, Cristian Gallo, Hálfván Helgi Helgason, Jón Einar Jónsson, Rodrigo A. Martínez Catalán, Róbert Arnar Stefánsson og Sindri Gíslason (2023). Vöktun bjargfuglastofna á Íslandi 2020 – 2022. Náttúrustofa Norðausturlands. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisstofnun, NNA-2304.

⁴ Stroud, R. & Tierney, N. (2017). Survey Handbook: Andakíl. Ramsar Bird Monitoring Programme. Landbúnaðarháskóli Íslands: https://andakillbirdmonitoring2017.files.wordpress.com/2017/12/andakillramsar_surveyhandbook_v11.pdf.



5. mynd. Staðsetningar athugunarstaða vatnafuglatalningar á Mýrum sumarið 2023. Einnig eru sýndir talningarstaðir á Hitarnesi og við Kolviðarnesvatn, þar sem talið var sömu daga, sem og í Andakíl.



6. mynd. Ramsarsvæðið í Andakíl og á Hvanneyri inniheldur mikilvæg búsvæði blesgæsar, brandandar, ýmissa vöðfugla og annarra tegunda sem m.a. nýta leirur og flæðiengjar svæðisins. Horft í norðausturátt yfir Kistufjörð. Kistuhöfði vinstra megin, Hvanneyri fyrir miðri mynd og ós Andakílsár til hægri. Ljósmynd tekin með dróna, 5. ágúst 2021.


Vaðfuglar á fartíma

Tilgangur: Að fá upplýsingar um fartíma og fjölda vaðfugla sem nýta leirur við sunnanverðan Breiðafjörð á fartíma. Áhersla er á að fá upplýsingar um fargestina rauðbrysting, tildru og sanderlu.

Framkvæmd

Talið var á svæðum í Helgafellssveit (7. mynd) frá lokum apríl til loka maímánaðar 2023 með sömu aðferðum og árið áður. Talið er á fjórum nokkuð víðfeðmum fjörum og er talningin stillt þannig af að hægt er að nýta seinkun sjávarfalla austan við Þórsnes í samanburði við svæði vestan við það. Við val talningarstaða var einnig lögð áhersla á að nota sem minnstan tíma í ferðir á milli staða til að nýta hverja fjöru sem best.

Talningar fóru fram dagana 24. og 27. apríl og 1., 5., 9., 12., 15., 21., 22., 27. og 31. maí 2023 og voru þannig 11 talsins. Í áætlun var gert ráð fyrir 10 talningum. Veður var fremur óhagstætt í maí og þurfti af þeim sökum nokkrum sinnum að fresta talningum. Að þessu frátöldu gekk verkefnið þó samkvæmt áætlun.



7. mynd. Talningarstaðir voru við innanverðan Hofstaðavog og Vigrafjörð, sem og neðan við bæinn Svelgsá og á Krákunestá við utanverðan Álftafjörð.

Helstu niðurstöður

Verkefnið var nú framkvæmt í annað sinn og gekk vel ef frá eru taldar frestanir vegna veðurs. Þessi aðferð nær að líkindum ágætlega utan um vorsveiflu í fjölda rauðbrystings og tildru, og að einhverju leyti sanderlu, og væri æskilegt að halda áfram að telja reglulega í maí og einu sinni eða tvisvar í lok apríl, þ.e. rétt áður en rauðbrystingar koma á svæðið.

Varpútbreiðsla og þéttleiki kríu

Tilgangur: Að mæla útbreiðslu og fjölda kríuhreiðra í stóru kríuvarpi á utanverðu Snæfellsnesi.

Framkvæmd


Þetta var annað ár kríurannsóknna í *Vöktun náttúruverndarsvæða* en árið 2022 var stóra kríuvarpið við Rif og Hellissand metið á áreiðanlegan hátt í fyrsta sinn. Varpið var heimsótt rétt fyrir klak í seinni hluta júní 2022 (22.-24. júní) og 2023 (16.-19. júní). Í fyrstu voru útlínur varpsins kortlagðar og tilviljanakenndar staðsetningar lagðar út innan varpsvæðisins. Sumir punktanna lentu á stöðum sem ekki var hægt að nota (t.d. vegir og tjarnir) en samtals voru 69 (2022) og 81 (2023) staðsetningar nothæfar til matsins. Á hverjum þessara staða var fjöldi kríuhreiðra talinn innan 6 metra hringmáls (hver talningarpunktur 113 m²). Skóþvengsaðferð (e. *bootstrap*) með 1.000 endurtekningum var notuð til þess að reikna 95% öryggismörk á matið. Forritið QGIS18 var nýtt til að gera kort af rannsóknarsvæðinu og reikna flatarmál varpsins.

Helstu niðurstöður

Í stóra kríuvarpinu við Rif og Hellissand breyttust útlínur þéttasta hluta kríuvarpsins lítið á milli ára en strjálrt varp færðist aftur á móti sums staðar dálítið til (8. mynd). Heildarflatarmál varpsvæðisins var metið 0,63 km² árið 2022 og 0,67 km² árið 2023. Þéttleiki hreiðra var mjög mismunandi innan útbreiðslusvæðisins en meðalþéttleiki í talningarpunktum var 2,0 (2022) og 2,6 (2023) hreiður á hverja 100 fermetra. Heildarfjöldi hreiðra var áætlaður tæp 13 þúsund fyrra árið (95% öryggismörk matsins: 9.247-17.062) en um 17 þúsund það síðara (95% öryggismörk matsins: 12.821-21.990). Þótt nokkru muni á matinu á milli ára, þá verður að hafa í huga að aðferðin sem beitt var felur í sér talsverða óvissu og var þessi munur ekki tölfræðilega marktækur (Wilcoxonpróf: $p=0,6$).

Niðurstöðurnar benda til að varpið innihaldi hátt í tíunda hluta íslenska varpstofnsins, sem staðfestir mikilvægi kríuvarpsins við Rif og Hellissand sem eins stærsta kríuvarps landsins og á alþjóðavísu. Þó skal bent á að niðurstöður sambærilegra talninga í öðrum stórum íslenskum kríuvörpum hafa ekki verið gerðar eða birtar opinberlega. Nánari upplýsingar um mælingar á stærð kríuvarpsins við Rif og Hellissand sumrin 2022-2023 má finna á veggspjaldi sem Náttúrustofa Vesturlands kynnti nýverið og nálgast má á [heimasíðu hennar](#). Einnig er von á nýrri grein um rannsóknina í Fuglum, félagariti Fuglaverndar, sem kemur út um áramótin 2023-2024.

Framkvæmd samningsbundins hluta verkefnisins gekk samkvæmt áætlun.



8. mynd. Útbreiðsla kríuvarpsins við Rif (til hægri) og Hellissand (til vinstri) á utanverðu Snæfellsnesi sumrin 2022 og 2023. Rauðir punktar voru notaðir til að reikna þéttleika hreiðra.

Náttúrustofa Vesturlands ákvað að bæta talsverðri vinnu við kríurannsóknir sumarið 2023, sem ekki var gert ráð fyrir í verkáætlun eða greitt fyrir af fjárveitingu vöktunar náttúruverndarsvæða. Þetta var annars vegar skráning og gróft mat á stærð annarra kríuvarpa á Snæfellsnesi og hins vegar úrvinnsla og greinarskrif um allar þessar kríurannsóknir. Eins og áður segir mun grein um verkefnið birtast á næstu vikum.

Strandfuglar utan varptíma

Tilgangur: Að fá stofnvísitölu og aldurs- og kynjahlutföll fyrir straumönd, sem og aldurshlutföll fyrir dílaskarfa og toppskarfa. Niðurstöðurnar eru viðbót og til stuðnings við niðurstöður úr vetrarfuglatalningum NÍ, vöktun skarfa og vöktun Mývatns og Laxár (straumönd) og eru þannig talsverð samlegðaráhrif í verkefninu. Með því að endurtaka talningar á straumöndum á svæðum sem talin voru þegar metin var útbreiðsla og fjöldi straumanda á Íslandi að vetrarlagi⁵ fæst að auki vísitala á stærð vetrarstofns straumandar sem hægt er að bera saman við niðurstöður vetrarfuglatalninga NÍ.

Framkvæmd

Þetta var fyrsta ár þessa verkefnis og fóru talningar fram við norðanvert Snæfellsnes. Hugmyndin á bak við verkefnið er að telja tvisvar sinnum á ári, annars vegar í september/október og hins vegar í febrúar samhliða talningum NÍ á skörfum. Þó var ákveðið að telja einungis í febrúar árið 2023. Ákvörðun um að framkvæma þetta verkefni var tekin í lok febrúar og vegna veðurs var talningin ekki framkvæmd fyrr en 3. mars. Talning straumanda gekk vel en þetta var fullseint fyrir skarfana, sem á þessum tíma eru farnir að tínast til varpstöðva og eru því ekki eins aðgengilegir til talningar. Æskilegt væri að aldursgreina æðarfugla á talningarsvæðum við Breiðafjörð og á Reykjaneskaga samhliða talningunum, en ekki gafst tími til þess í talningunni vegna áherslu á að ná góðum sýnafjölda straumanda og stutts birtutíma.

Helstu niðurstöður

Samtals sáust 222 straumendur, samanborið við 271 straumönd í sambærilegri talningu á árunum 1999-2001⁵ (1. tafla).

1. tafla. Niðurstöður talninga straumanda við norðanvert Snæfellsnes í marsbyrjun 2023 samanborið við rannsókn Arnþórs Garðarssonar og Þorkels L. Þórarinssonar.³

Svæði	Km	Fjöldi	
		1999-2001	2023
Búlandshöfði	6,2	72	94
Setberg – Vatnabúðir	8,5	35	36
Vatnabúðir – Naust	2,7	164	92
Samtals	17,4	271	222

Aðeins sáust 27 dílaskarfar og 3 toppskarfar í ferðinni. Ljóst er að flýta þarf talningunni til að ná betur til skarfanna.

⁵ Arnþór Garðarsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson (2003). Útbreiðsla og fjöldi straumandar á Íslandi að vetrarlagi. Bliki, 5-20.

Gróðurvöktun

Tilgangur: Að vakta og skrá langtímabreytingar á gróðurfari valdra vistgerða á náttúruverndarsvæðum.

Framkvæmd

Fimm gróðursnið við Faxaflóa, sem lögð voru út fyrir rúmum áratug vegna Natura Ísland verkefnisins, voru endurmæld sumarið 2023. Þetta voru snið á strandsvæðum frá Álftanesi á Mýrum til Langaholts á sunnanverðu Snæfellsnesi (2. tafla). Fylgt var aðferðafræði sem Náttúrufræðistofnun Íslands mótaði í kringum vistgerðaflokkun lands á Íslandi.⁶ Hún gengur í stuttu máli út á að greina og mæla gróður á sniðum, taka staðlaðar ljósmyndir og safna jarðvegssýnum. Hvert snið er 40 metra langt og 10 metra breitt. Gróðurmælingarnar fóru fram dagana 3., 4. og 26. júlí (9. mynd). Framkvæmd verkefnisins gekk samkvæmt áætlun.

Jarðvegssýnum var komið til Náttúrufræðistofnunar og gróðurvistfræðingar hennar tegundagreindu sýni af plöntum sem vafi lék á um.

2. tafla. Gróðursnið sem mæld voru af Náttúrustofu Vesturlands sumarið 2023.

Heiti sniðs	Vistgerð	Svæði
MY-78-01	Starungsmýravist	Álftanes á Mýrum
SN-42-05	Starungsmýravist	Engjavatn/Melur í Staðarsveit
SN-59-05x	Grasölduvist	Skógarnes/Löngufjörur
SN-59-02y	Grasölduvist	Skógarnes/Löngufjörur
SN-49-04	Grasölduvist	Hofgarðar í Staðarsveit



9. mynd. Skráning gróðurs á sniði í starungsmýrarvist við Engjavatn í Staðarsveit, 26. júlí 2023.

⁶ Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s

Jarðminjar

Tilgangur: Að afla grunnupplýsinga um mikilvæg jarðminjasvæði, þar á meðal svæði á náttúruminjaskrá.

Framkvæmd

Rauðsgil í Reykholtssdal (10. mynd) er jarðminjasvæði nr. 204 á náttúruminjaskrá vegna merkilegrar fossaraðar. Þann 3. ágúst var svæðið heimsótt og það myndað vandlega með dróna. Bæði voru teknar ljósmyndir og myndbönd sem sýna svæðið vel. Framkvæmd var í samræmi við áætlun.



10. mynd. Hluti af Rauðsgili í Reykholtssdal, Borgarfirði, 3. ágúst 2023.

Áningarstaðir ferðamanna

Tilgangur: Að afla grunnupplýsinga um ástand og álag á nokkrum áningarstöðum ferðamanna á Vesturlandi.

Framkvæmd

Eftirfarandi svæði voru heimsótt í júlí og ágúst og gagna aflað. Sömu staðir voru einnig heimsóttir sumrin 2020 og/eða 2021:

- Landbrotalaug 20. júlí
- Rauðamelslaug 20. júlí
- Rauðamelsölkelda 20. júlí
- Áningarstaður við Selvallavatn 2. ágúst
- Berserkjahraun við afleggjara að Bjarnarhöfn 2. ágúst

Á hverju svæði voru teknar ljósmyndir með dróna; annars vegar yfirlitsmyndir en hins vegar kortlagningarmyndir. Á jörðu niðri var gengið um svæðið og ljósmyndir teknar á stöðum sem valdir voru sumarið 2020 og 2021 og þóttu geta gefið góða vísbendingu um ástand svæðisins og breytingar á því, t.d. göngustíga og traðk. Ljósmyndir frá 2023 má bera saman við myndir sem teknar voru á svæðunum sumrin 2020 og 2021.

Helstu niðurstöður

Valin svæði eru greinilega afar mismikið sótt af ferðamönnum og í mismunandi ástandi. Sum eru mjög fjölsótt en önnur enn ekki komin inn á ratsjá ferðamanna.

Landbrotalaug: Lítil heit laug í Eldborgarhrauni. Var áður „leyndarmál“ heimamanna en öðlaðist miklar vinsældir eftir að hafa ratað á samfélagsmiðla og í bók um heitar laugar. Tveir til þrír geta verið í lauginni á hverjum tíma og útbjuggu heimamenn frumstæða baðaðstöðu með heitu vatni úr borholu skammt frá lauginni til að dreifa álaginu. Sumarið 2020 var sett upp skilti við inngang að svæðinu sem sagði að laugin væri lokuð af heilbrigðisástæðum. Það skilti var tekið niður 2022. Stikla þarf á steinum til að komast að náttúruleuginni en göngustígur er að hinni. Þaðan má einnig fylgja greiðfærum göngustíg að náttúruleuginni. Laugarnar eru í ágætu ástandi en gróður í kringum náttúruleugina þolir ekki vel aukna ásókn. Líklegt er að sýkingarhætta sé af því að baða sig í náttúruleuginni vegna smæðar hennar og takmarkaðs gegnumstreymis vatns. Engin búnings- eða hreinlætisaðstaða er á svæðinu. Loftmynd Loftmynda ehf. af Landbrotalaug má sjá hér:

<https://map.is/base/@342653,485461,z13,0>.



11. mynd. Náttúruleugin Landbrotalaug í Hnappadal, neðarlega til hægri. Mynd tekin með dróna 20. júlí 2023.

Rauðamelslaug (einnig kölluð Sturlungalaug og Guðmundarlaug) við Syðri-Rauðamel í Hnappadal. Laugin er nokkuð vel falin og afskekkt en þó er auðveldlega hægt að aka alveg að henni í gegnum tvö hlið við Syðri-Rauðamel. Laugin sjálf hefur verið „lagfærð“ til að hún henti betur til baða. Talsvert votlendi er á þessu svæði í bland við nútímahraun og jarðhiti einnig á yfirborði þétt upp við bílastæði. Eitthvað af ferðamönnum fer í laugina en fjöldinn er líklega enn hóflegur. Umhverfi hennar er því enn tiltölulega óspillt. Loftmynd Loftmynda ehf. af Rauðamelslaug má sjá hér:

<https://map.is/base/@344434,489519,z14,0>.



12. mynd. Rauðamelslaug í Hnappadal, um miðbik myndar hægra megin. Mynd tekin með dróna 20. júlí 2023.

Rauðamelsölkelda: Ölkelda sem gjarnan er talin sú vatnsmesta á landinu lætur lítið yfir sér en er talsvert heimsótt af ferðamönnum. Gönguslóði liggur í gegnum nútímahraun og yfir graslendi og brú að lindinni. Svæðið er almennt í ágætu ástandi en slóðinn vel troðinn. Ölkeldan var þurr þegar svæðið var heimsótt 20. júlí. Loftmynd Loftmynda ehf. af Rauðamelsölkeldu má sjá hér:

<https://map.is/base/@341974,492539,z15,0>.



13. mynd. Horft í suðaustur yfir Hnappadal. Syðri-Rauðamelur dökkleitur ofarlega hægra megin og Kolbeinsstaðafjall fjær. Rauðamelsölkelda neðst til vinstri. Mynd tekin með dróna 20. júlí 2023.

Áningarstaður og foss við Selvallavatn: Vegagerðin útbjó ágætan áningarstað við Vatnaleið þegar vegurinn var lagður. Þaðan er fallett útsýni yfir Selvallavatn og Berserkjahraun og sést einnig yfir í Hraunsfjörð og Kolgrafafjörð (Urthvalafjörð). Þúsundir ferðamanna stoppa þarna árlega og ganga niður á mel fyrir neðan til að fá betra útsýni. Þar er fallegur lítill foss og tveir minni fossar neðar í ánni. Engir skilgreindir göngustígar eru á svæðinu, sem mjög hefur látið á sjá á undanförunum árum. Svæði þarna í kring eru illa farin af beit og hefur talsverð gróður- og jarðvegseyðing þegar orðið, bæði innan þess svæðis sem ferðamenn fara um og utan. Umferð ferðamanna hefur ýtt mjög undir gróðureyðingu þar sem þeir fara mest um og liggur mikill fjöldi flökkustíga um gróið og ógróið land. Brýnt er að beina fólki inn á afmarkaða stíga til að stöðva frekari gróður- og jarðvegseyðingu. Athygli sveitarfélagsins hefur verið vakin á þessu og verður þeirri málaleitan fylgt eftir. Loftmynd Loftmynda ehf. af áningarstaðnum má sjá hér: <https://map.is/base/@315458,499210,z14,0>.



14. mynd. Áningarstaður við Selvallavatn er illa farinn af stjórnlausri umferð ferðamanna. Mynd tekin með dróna 2. ágúst 2023.

Berserkjahraun við afleggjara að Bjarnarhöfn: Á gatnamótum Snæfellsvegar (54) og Helgafellssveitarvegar (577) hefur orðið til „sjálfsprottinn“ áfangastaður þar sem fólk stoppar og gengur út í úfið, fallett og mosavaxið Berserkjahraun. Þar er komið net af gönguslóðum sem ná nokkuð inn í hraunið og lengjast með ári hverju. Gróðurfarið er mjög viðkvæmt og þolir þessa umferð illa. Engir innviðir eru á svæðinu og er nokkur hættu á umferðarslysum þar sem fólk þarf að ganga yfir veginn að hrauninu frá litlu bílastæði. Hætt er við að svæðinu haldi áfram að hraka ef innviðir verða ekki byggðir upp. Tímabært er að afmarka gönguleiðir og loka villustígum. Loftmynd Loftmynda ehf. af áningarstaðnum má sjá hér: <https://map.is/base/@313718,502525,z14,0>.



15. mynd. Horft norður yfir Berserkjahraun að Bjarnarhöfn, Bjarnarhafnarfjalli og Breiðafirði. Ferðamenn ganga í auknum mæli inn í Berserkjahraun sunnan við gatnamótin norður að Bjarnarhöfn (neðarlega fyrir miðri mynd). Þar hefur því myndast net göngustíga en engin aðstaða hefur verið byggð upp á staðnum. Mynd tekin með dróna 2. ágúst 2023.

Að lokum

Framkvæmd verkefna gekk vel 2023 og var vettvangsvinna í samræmi við áætlanir. Mestöllum gögnum var skilað í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir árslok 2023 en vegna óvæntra veikinda vantaði lítils háttar upp á að næðist að klára það. Verður bætt úr því og síðustu gögnunum skilað í janúar 2024.



16. mynd. Fuglatalning norðan við Kistuhöfða á Ramsarsvæðinu í Andakíl. Hafnarfjall lengst til vinstri. Leirurnar eru mikilvæg búsvæði fyrir vað- og andfugla. Ljósmynd. Theódóra Matthíasdóttir, 2021.